

37. fundur stjórnar Bláskógaveitu 30. september 2010 kl. 15.15.

Mættir: Jóhannes Sveinbjörnsson, Kjartan Lárusson og Þórarinn Þorfinnsson stjórnarmenn Bláskógaveitu, varamaður, Theodór Vilmundarson, Margeir Ingólfsson framkvæmdastjóri Bláskógaveitu og Benedikt Skúlason veitustjóri.

1. Framkvæmdir undanfarnar vikur:

Benedikt og Margeir fóru yfir framgang mála varðandi framkvæmdir og viðhaldsverkefni á vegum Bláskógaveitu frá síðasta fundi. Unnið við tengingar á starfsvæði hitaveitu Iðu. Vegna þess hversu veitan var illa farin var ákveðið að flýta framkvæmdum við veituna. Hluti af því sem átti að gera á næsta ári var færður yfir á þetta ár. Tengt kalt vatn á Einholtsmelum. Tengt vatn að S-Reykjum (í tank). Lagaður heitavatnsstofn í Lindarskógum. Skipt um loka í dæluhúsi í Reykholti, ásamt fleirum smáviðgerðum.

2. Framkvæmdir Miðdalskot og nágrenni – kostnaðaráætlun og næstu skref:

Kynnt var kostnaðaráætlun vegna:

a) framkvæmda við lagningu hitaveitu frá Miðdal í Miðdalskot og 5 sumarbústaði í landi Miðdalskots.

b) sömu framkvæmdar að viðbætti lagningu hitaveitu frá Miðdalskoti í Laugardalshóla.

Áætlunin var rædd og ákveðið að kynna hana fyrir hlutaðeigandi, komast að niðurstöðu hið fyrsta um hverjir af þessum aðilum taka heitt vatn og hefja framkvæmdir í framhaldi af því. Kjartan vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.

3. Framkvæmdir Snorrastaðir/Hjálmsstaðir:

Margeir og Benedikt kynntu stöðu mála vegna endurnýjunar heitavatnsstofns í landi Snorrastaða og Hjálmsstaða. Stefnt að því að fara í endurnýjunina samhliða tengingu í Miðdalskot.

4. Umræða um drög að samningi við Orkuveitu Reykjavíkur vegna Úthlíðarveitu:

Í sumar varð skortur á köldu vatni hjá Úthlíðarveitu sem Orkuveita Reykjavíkur (OR) rekur. OR óskaði eftir að tengjast Bláskógaveitu í landi Austurhlíðar til að bjarga málum tímabundið. Framkvæmdastjóri Bláskógaveitu (BL) heimilaði slíka neyðarreðdingu í samráði við veitustjóra en með þeim skilyrðum að þetta kæmi ekki niður á viðskiptavinum BL og að allar aðgerðir yrðu að vera í samráði við Benedikt Skúlason veitustjóra BL. Jafnframt var rætt um að gengi það eftir að OR fengi vatn frá BL þá yrði að gera formlegan samning um þau viðskipti.

Drög að samningi skv. framansögðu voru lögð fyrir fundinn og rædd þar. Ákveðið að vísa samningsdrögunum til frekari umræðu í sveitarstjórn áður en þau verða afgreidd endanlega af stjórn Bláskógaveitu. Formanni falið að vinna málið áfram.

5. Hitaveitan Brúin:

Margeir fór yfir stöðu mála varðandi hitaveituna Brúin, og sagði frá hvernig hún var stofnuð. Hitaveitan Brúin á lagnakerfið og Bláskógaveita selur vatn inn á lagnimar.

J.S. Þ.P. M.V. K.G.

Ákveðið að boða stjórn Brúarveitunnar á fund hjá Bláskógaveitu til að ræða um áframhaldandi viðskipti.

6. Frágangur á kaldvatnslögn í landi Brúar

Margeir greindi frá því að þarf að ganga betur frá lagnastæði í gegnum Brúarlandið. Benedikt falið að vinna málið áfram. Það sem meðal annars þarf að gera er að setja loftara á leiðsluna.

7. Innsend bréf og erindi:

a. Reykjavellir- ósk um kaup á heitu og köldu vatni, sbr. tölvupóst frá Jóni Ögmundssyni til formanns veitustjórnar dags. 24. sept s.l. Þar kemur m.a. fram að Skógarholt, félag sumarhúsaeigenda í Stakkholti og Vallarholti í landi Reykjavalla samþykkti á aðalfundi sínum þann 20. sept s.l. að fela stjórn félagsins umboð til að semja við stjórn Bláskógaveitu um kaup á heitu og köldu vatni fyrir sumarhúsabyggðina. Félagið óskar formlega eftir að fá upplýsingar um hvernig framkvæmdin yrði á slíku, kostnaður við tengingu við veituna og tímasetningar. Óskað er eftir fundi með veitustjórn til að fara yfir þessi mál. Formanni veitustjórnar falið að ræða við Jón og finna hentugan fundartíma.

b. Umsókn um vatnstengingu Berghofs 3, Bergsstöðum: Pétur H Halldórsson eigandi sumarhússins óskar eftir svörum um hvort og þá hvenær unnt sé að fá vatnstengingu að húsi sínu. Verið er að finna lagnaleiðir og reikna kostnað við að tengja þennan aðila.

c. Erindi frá 2 sumarhúsaeigendum í landi Ketilvalla, Halldóri Guðbjarnasyni og Haraldi Sigurðssyni. Þeir hafa ítrekað kvartað yfir lágu hitastigi á heitu vatni inn í bústaði sína og óska eftir viðræðum um þann vanda og mögulegar lausnir á honum. Rætt var almennt um leiðréttingar á verði á vatni og aðrar aðgerðir þar sem hiti vatns er lægri en vænst hefur verið. Nauðsynlegt er að almennar reglur gildi um þessi mál. Stefnt að því að vinna slíkar reglur á næstu mánuðum. Formaður veitustjórnar mun svara bréfriturum og setja málið í farveg.

d. Brattholt – ósk um að skoðaður verði kostnaður við að taka kalt vatn. Benedikt falið að taka saman tiltækar upplýsingar og leggja drög að svari fyrir fund veitustjórnar.

e. Fell – ósk um hitaveitutengingu. Benedikt falið að taka saman tiltækar upplýsingar og leggja drög að svari fyrir næsta fund veitustjórnar.

f. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dagsett 24. september 2010, sýnataka á neysluvatni á Laugarvatni. Tekið var sýni á þrem stöðum á Laugarvatni og stóðst það vel allar gæðakröfur.

8. Önnur mál.

Margeir ræddi um hvernig staðan væri á innheimtumálum, Kjartan leggur til að lagður verði fram sundurliðaður skuldalisti á næsta fundi.

Lögð fram kynning frá Gufu ehf um vatnspörf á heitu og köldu vatni. Rætt um brynningar í beitarhólfum.

J.S. þ.P. M.L. R.L.

Rætt um kaldavatnsmál á Laugarvatni.
Nauðsynlegt er að fara að huga nýrri dælustöð í Reykholti
þarf að yfirfara rafmagn í dælustöð á Laugarvatni.
Stefnt að næsta fundi seinnipartinn í október.
Margeir lagði fram uppsagnarbréf sem framkvæmdarstjóri Bláskógaveitu og
miðast starfslok hans við 31 október.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10

Jóhannes Sveinbjörnsson
Þóroddur Þorláksson
Margeir Þrygsson
Benedikt Þorláksson
Hjortur Þorláksson